



KVÆÐIÐ UM FUGLANA

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjararstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Millispil

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA

11.-13. APRÍL 2024
HARPA · REYKJAVÍK
Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty
Miðasala á sinfonia.is · HarryPotterInConcert.com

WIZARDING WORLD
PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS
WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, etc. © 2024 Warner Bros. Entertainment Inc. All Rights Reserved. © All.

17. FEBRÚAR
2024

HARPA
ELDBORG

Dimmalimm og Svanavatnið




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Dimmalimm og Svanavatnið

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 17. FEBRÚAR KL. 14:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ross Jamie Collins
hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara Halldóra Geirharðsdóttir
kynnir

Gradualekór Langholtskirkju

Sunna Karen Einarsdóttir
kórstjóri

Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Dilly Greasley
listrænn stjórnandi

Atli Heimir Sveinsson

Dimmalimm

Forleikur

Dans Dimmalimm

Söngur Dimmalimm

Trúðadans

Millispil

Söngur Péturs

Lokasöngur

Pjotr Tsjajkovskij

Úr Svanavatninu

Scène

Dans litlu svananna

Dans frá Napólí

Rússneski dansinn

Pas de deux úr 1. þætti

Atli Heimir Sveinsson

Kvæðið um fuglana



Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur

Um tónlistina



Listmálarinn Muggur, Guðmundur Thorsteinsson, samdi ævintýrið um *Dimmalimm* árið 1921 handa lítilli íslenski frænku sinni þegar hann var á siglingu á Miðjarðarhafinu. Ævintýrið er meðal helstu gersama listmálarans sem málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta á tónleikunum meðan á flutningi tónlistarinnar stendur. Atli Heimir Sveinsson tónskáld samdi tónlistina við Dimmalimm sem skipaði sér strax í flokk helstu djásna íslenskra tónverka. Atli Heimir byrjaði að læra á píanó þegar hann var 10 ára gamall og samdi ógrynni af tónlist fyrir hljómsveitir, einleikara, söngvara og kóra. Þáttunum úr Dimmalimm, sem við heyrum á tónleikunum í dag, raðaði Atli Heimir upp í litla svítu þar sem sagan um prinsessuna Dimmalimm er lesin á milli hljómsveitarkafanna.

Svanavatnið eftir Tsjajkovskij er ein þekktasta ballettónlist sem samin hefur verið og stundum er sagt að Svanavatnið sé vinsælasti rómantíski ballett sögunnar. Ballettinn er stórt og mikið verk en valdir þættir verða fluttir á tónleikunum í dag eins og Dans litlu svananna, Dans frá Napólí og Rússlandi auk skemmtilegra hljómsveitarkafla. Í rússneska dansinum leikur konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar, Una Sveinbjarnardóttir, einleik á fiðlu.

Atli Heimir Sveinsson samdi lagið sem sungið er við ljóð Davíðs Stefánssonar, *Kvæðið um fuglana*. Lagið, sem einnig er stundum nefnt *Snert hörpu mína*, hefur frá upphafi verið einstaklega vinsælt enda sannkölluð söngperla.

Á döfinni í Litla tónsprotanum



Mynd Ari Yates

Eldfuglinn

4. maí 2024 kl. 14:00

Eldfuglinn er eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af. Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Halldóra Geirharðsdóttir tónleikagestum frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu og gulleplunum. Myndum teiknarans Ara Yates, sem sýna Eldfuglinn dansa og svifa á milli greina töfratrjáanna, verður varpað upp meðan á flutningi stendur.

Hljómsveitarstjóri á öllum tónleikum Litla tónsprotans 2023-24 er Ross Jamie Collins, staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Myndum sem varpað er upp meðan á flutningi Dimmalimm stendur og myndir í tónleikaskrá eru eftir listmálarann Mugg, Guðmund Thorsteinsson. Myndirnar eru birtar með góðfúslegu leyfi Elínar Bergs.

Myndin Svanur í tjörn eftir Ásgrím Jónsson er bakgrunnsmýnd Svanavatnsins. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Listasafns Íslands.